



Ferill 43. máls. Aðrar útgáfur af skjalinu: [PDF](#) - [Word Perfect](#).

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 43 – 43. mál.

## Tillaga til þingsályktunar

### um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Flm.: Logi Einarsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánsón, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra að hafa forgöngu um að ríkisstjórn Íslands, í samráði við sveitarfélög, undirbúi og hrindi í framkvæmd eftirtöldum aðgerðum sem miði að því að styðja sveitarfélög sérstaklega vegna aðstæðna sem rekja má til heimsfaraldurs kórónuveiru og verja þannig störf og nærþjónustu við almenning og tryggja að sveitarfélög geti ráðist í nauðsynlegar fjárfestingar.

Útfærslu tillagna verði lokið fyrir 1. janúar 2021.

1. Ríkissjóður komi til móts við sveitarfélög vegna lækkunar á útsvarstekjum með viðbótarstyrkveitingu í hlutfalli við tekjufall einstakra sveitarfélaga.
2. Aukin fjárútlát sveitarfélaga vegna viðbragða við heimsfaraldri kórónuveiru verði bætt með beinum framlögum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
3. Byggða- og samfélagsþróun verði eflað með 800 millj. kr. aukaframlagi til sóknaráætlana landshluta.
4. Ríkissjóður hafi milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna fjárfestinga.
5. Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup varðandi útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.
6. Framkvæmdasjóður aldraðra verði styrktur svo að unnt verði að ráðast í viðhaldsframkvæmdir og tryggja stofnkostnað nýrra hjúkrunarheimila.
7. Byggðar verði fleiri almennar leiguíbúðir í samvinnu við sveitarfélögin.
8. Átak verði gert í íslenskukennslu atvinnuleitenda af erlendum uppruna.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sama efnis var áður flutt á 150. löggjafarþingi (890. mál).

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, í samráði við ráðherra fjármála- og efnahagsmála, verði falið að hafa

forgöngu um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum í þágu sveitarfélaga landsins. Aðgerðirnar miði að því að bregðast við tekjufalli sveitarfélaga á sama tíma og þjónustupörf hefur aukist og nauðsynlegt er að auka við fjárfestingar. Samkvæmt niðurstöðum starfshóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra horfa sveitarfélögin fram á lækkun á útsvarstekjum og þjónustutekjum sem nemur tugum milljarða króna. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við þessu með nægilega kraftmiklum hætti – og augljóst er að viðbótarframlög ríkissjóðs nægja ekki til að verja velferð fólks né heldur verja og skapa störf um allt land. Viðbótarframlög ríkisstjórnarinnar nema um 4,8 milljörðum kr. en sérfræðingar hafa bent á að líklega vanti um 50 milljarða kr. inn í rekstur sveitarfélaganna á yfirstandandi ári og því næsta. Þá er alvarlegt að framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga séu ekki látin fylgja hagþróun og fari lækkandi í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Til þess að forðast samdrátt sem mun virka gegn örvunaraðgerðum ríkisins verður ríkið að endurskoða framlög sín til sveitarfélaganna. Með því að stíga ekki fastar til jarðar er ríkið þannig að setja sveitarfélögin í skuldavanda sem bitnar á íbúum þeirra til lengri tíma.

Í fordæmalausu atvinnuleysi er ekki síst mikilvægt að verja störf í almannaþjónustu og gera sveitarfélögum kleift að skapa ný störf með atvinnuskapandi fjárfestingum. Ef ekkert frekar er aðhafst horfum við fram á niðurskurð í mikilvægri nærþjónustu við almenning, aukið atvinnuleysi og slakari viðspyrnu um allt land. Ríkisvaldið þarf að koma betur til móts við sveitarfélög svo að hægt sé tryggja góða nærþjónustu við fólk um allt land og takast á við heimsfaraldur kórónuveiru, þau hliðaráhrif sem af honum verða og eftirköst hans.

*Ríkissjóður komi til móts við sveitarfélög vegna lækkunar á tekjum þeirra með viðbótarframlagi.*

Styðja þarf við sveitarfélög sem hafa orðið fyrir miklu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Ríkissjóður er með mun fleiri og fjölbreyttari tekju- og útgjaldastofna en sveitarfélögin sem verður að beita til að mæta þessu áfalli. Sveitarfélögin fá langmest af tekjum sínum í gegnum útsvar, sem er föst prósent. Þar að auki er vaxtakostnaður sveitarfélaga hærri en ríkissjóðs svo að þau hafa ekki sömu möguleika til skuldsetningar.

Um 80% launakostnaðar sveitarfélaganna er vegna fræðslumála og félagsþjónustu. Það er gríðarlega mikilvægt að lögbundin félagsþjónusta sveitarfélaga standi á traustum stöðum, að þjónusta verði tryggð og að hugað verði að málefnum barna, fatlaðra og aldraðra. Koma þarf til móts við sveitarfélög svo að hægt sé tryggja að jafnvel þó að tekjufall sveitarfélaga sé verulegt geti þau áfram sinnt nærþjónustu vel. Álag á þjónustuna hefur aukist mikið tímabundið vegna aðstæðna í samfélaginu. Lagt er til að Vinnuálastofnun verði eflað, virkniúrræði verði sett á laggirnar í samvinnu ríkis og sveitarfélaga, svæðisbundin velferðarvakt verði sett af stað af hálfu félagsmálaráðuneytisins, geðheilsuteymi heilsugæslunnar verði eflað og félagsþjónusta sveitarfélaganna styrkt.

Rekstur leikskóla er erfiður á þessum tímum vegna tekjumissis sem hlýst af leiðréttingu á þjónustugjöldum í samræmi við skerðingu á þjónustu. Mörg sveitarfélög brugðu á það ráð að gefa fullan afslátt af leikskóla-, dagforeldra- og frístundagjöldum þar sem þjónusta féll niður. Sama gildir fyrir þá foreldra sem völdu að halda börnum heima eða þurftu að vera heima vegna veikinda eða í sóttkví. Þá fengu foreldrar víða að greiða aðeins fyrir þá þjónustu sem nýtt var.

Flestar stofnanir hafa dregið úr almennri þjónustu til að skapa svigrúm fyrir þá vinnu sem hefur farið í viðbrögð við heimsfaraldri kórónuveiru. Greiðslur til hjúkrunarheimila og dagdvalarstofnana eru háðar nýtingu á rýmum, hjá sumum samkvæmt samningum og hjá öðrum á grundvelli reglugerða. Þessar aðstæður hafa leitt til þess að tekjufall mun verða

hjá sveitarfélögum á næstu vikum og mánuðum vegna heimsfaraldursins á sama tíma og verkefnum hefur fjölgað og rekstrarkostnaður aukist, m.a. vegna veikinda starfsmanna og sóttkvíar. Við bætist svo ýmis kostnaður sem hlýst af ytri aðstæðum eins og sóttvörnum og aukinni þjónustuþörf.

*Aukin fjárútlát sveitarfélaga vegna viðbragða við faraldri kórónuveiru verði bætt, með beinum framlögum í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.*

Um 80% af tekjum íslenskra sveitarfélaga eru skatttekjur sem er ólíkt því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar, þar sem stærri hluti tekna sveitarfélaga eru styrkir og stuðningur frá ríkinu. <sup>1</sup> Í því árferði sem hefur skapast vegna heimsfaraldurs kórónuveiru hefur orðið mikið tekjufall hjá sveitarfélögum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er helsta tæki ríkissjóðs til að koma til móts við það mikla tekjufall sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir, en framlög sjóðsins hafa farið lakkandi með tekjufalli ríkissjóðs. Samhliða tekjufalli hafa ný og flókin verkefni bæst á borð sveitarfélaga vegna heimsfaraldursins. Þessum aukna tilkostnaði fylgja ekki neinir tekjumöguleikar fyrir sveitarfélögin. Mikilvægt er að fjármagn verði sett í að styðja sveitarfélög til að mæta þessum nýju verkefnum. Sveitarfélögin tóku að miklu leyti yfir málaflokk fatlaðs fólks árið 2011 og er nú þegar milljarða króna halli á málaflokknum. Að óbreyttu mun þessi halli aukast verulega á næstu árum, m.a. vegna lægra framlags úr ríkissjóði til NPA. Auka þarf fjármuni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta þessum auknu útgjöldum.

*Byggða- og samfélagsþróun verði eflað með 800 milljónum kr. aukaframlagi til sóknaráætlana landshluta.*

Sóknaráætlun landshluta er verkefni sem hefur reynst vel. Ljóst er að ráðast þarf í fjölda verkefna á sviði byggða- og samfélagsþróunar til þess að styðja við landsvæðin og sveitarfélögin. Innspýting ríkisins dugir skammt til að mæta vanda sveitarfélaganna. Til þess að hægt sé að ná fullri nýtingu fjármuna er vænlegt að leggja fjármagn í sóknaráætlun landshluta þar sem heimamenn þekkja best til aðstæðna auk þess sem þar er til staðar mannauður til að vinna áætlanir í samstarfi við ráðuneyti. Við gerð áætlana um hvernig best sé að sækja fram munu sveitarfélög á hverju svæði fyrir sig vinna saman.

*Ríkissjóður hafi milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna fjárfestinga.*

Eftir bankahrunið 2008 voru fjárfestingar verulega skornar niður hjá hinu opinbera til að eiga fyrir rekstri. Hjá sveitarfélögum, þar sem áhersla er lögð á að halda rekstrinum við núllið, rétt eins og hjá fyrirtækjum, drógust fjárfestingar umtalsvert meira saman en hjá ríkissjóði. Báðir aðilar hafa safnað saman innviðaskuld sem enn hefur ekki verið gerð upp að fullu.

Ríkisstjórnin hefur verið yfirlýsingaglöð um að nú sé tíminn til að beita ríkisfjármálum með fullum þunga til að verja störf og skapa viðspyrnu með umtalverðum fjárfestingum og uppbyggingu. Samfylkingin fagnar því viðhorfi og hefur lagt fram viðbótartillögur í Ábyrgu leiðinni, efnahagsáætlun fyrir 2021, sem gætu tryggt öflugri viðspyrnu um allt land. Sveitarfélög landsins eru mikilvægur hluti af hinu opinbera. Því skýtur það skökku við að ríkissjóður ætli að gefa í á meðan sveitarfélögin eru algjörlega skilin eftir og eiga jafnvel samkvæmt fjármálaáætlun að draga úr fjárfestingu. Þetta mun skapa enn frekari innviðaskuld.

Ef ekki er vilji eða geta til þess að koma til móts við fjárfestingarþörf sveitarfélaga að fullu með styrkveitingum gæti ríkissjóður haft milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna fjárfestinga líkt og var gert með stuðningslán til fyrirtækja.

*Viðmiðunarfjárhæðir laga um opinber innkaup varðandi útboðsskyldu sveitarfélaga verði rýmkaðar tímabundið.*

Viðmiðunarfjárhæð laga um opinber útboð, nr. **120/2016**, er 49 millj. kr. Þetta þýðir að allar stærri framkvæmdir fara í útboð. Útboðsferlið er tímafrekt og svo að flýta megi aðgerðum á árinu er nauðsynlegt að hækka viðmiðið að minnsta kosti í 350 millj. kr. Til samanburðar er viðmiðunarfjárhæð ríkisins 700 millj. kr.

*Framkvæmdasjóður aldraðra verði styrktur svo að unnt verði að ráðast í viðhaldsframkvæmdir og tryggja stofnkostnað nýrra hjúkrunarheimila.*

Mikilvægt er að koma framkvæmdum af stað eins hratt og auðið er til þess að viðhalda atvinnustigi í landinu. Líta má til Framkvæmdasjóðs aldraðra í þeim efnum. Kanna þarf hvaða verkefni hafa verið skipulögð og sett á framkvæmdaáætlun svo að framkvæmdir geti hafist þegar í stað. Má í því samhengi skoða þau viðhaldsverkefni sem bíða, breytingar á tvíbýli yfir í sérbýli á hjúkrunarheimilum og bætt aðgengi, auk annarra verkefna.

*Bygging almennra leiguíbúða í sveitarfélögunum.*

Markmið þessara aðgerða er tvíþætt, annars vegar að glæða byggingarframkvæmdir lífi og aðstoða þannig atvinnulífið og hins vegar að bæta húsnæðisöryggi einstaklinga og fjölskyldna sem eru undir lágmarkstekju- og -eignamörkum með því að auka aðgengi að öruggu og hentugu leiguhúsnæði og tryggja að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda. Nú stefnir aftur á móti í hægari íbúðarfjárfestingu sem er áhyggjuefni.

*Átak í íslenskukennslu atvinnuleitenda af erlendum uppruna.*

Mikill fjöldi erlends starfsfólks er hér á landi. Hefur það gegnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu og þeirri velmegun sem hefur ríkt hér síðustu ár. Hinn 1. janúar 2020 voru 55.354 innflytjendur á landinu eða 15,2% mannfjöldans. Má búast við því að stærsti hluti þess fjölda verði hér áfram þrátt fyrir versnandi efnahagshorfur. Kunnátta í íslenskri tungu er lykillinn að íslensku samfélagi og getur ráðið úrslitum um velgengni innflytjenda í samfélaginu.

Á þessum tímum er kjörið að aðstoða innflytjendur við að nýta tímann til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með því að læra íslensku. Bætt íslenskukunnátta vinnur gegn félagslegum undirboðum því að hún auðveldar þessum hópi að kynna sér réttindi sín. Íslenskukennsla fyrir útlendinga fer að mestu leyti fram í tungumálaskólum á höfuðborgarsvæðinu og í fræðslumiðstöðvum á landsbyggðinni. Mikilvægara er en nokkru sinni áður að styðja vel við þessar stofnanir til þess að efla kennslu og auka framboð á íslenskukennslu fyrir útlendinga.

---

<sup>1</sup> [www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/the-territorial-impact-of-covid-19-managing-the-crisis-across-levels-of-government-d3e314e1/](http://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/the-territorial-impact-of-covid-19-managing-the-crisis-across-levels-of-government-d3e314e1/)